

Mál nr. 393/2010

**M
og
vátryggingafélagið X v/ fjölskyldutryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu vegna tannbrots þann 4.5.1999.

Gögn.

1. Málskot, mótttekið 6.12.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 21.12.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 4.5.1999 varð dóttir M, þá átta ára gömul, fyrir því að detta á skólalóð með þeim afleiðingum að framtönn í efri gómi brotnaði mjög illa. Á árinu 2010 eða rúmum 11 árum eftir tjónsatburðinn var ný króna sett á tannplanta sem var græddur í góminn í stað brotnu tannarinnar. Dóttir M er slysátryggð samkvæmt frítímaslysátryggingu fjölskyldutryggingar sem í gildi var á slysdegi hjá vátryggingafélaginu X. Tjónið var tilkynnt X þann 10.9.2010 og þá krafðist M greiðslu kostnaðar að fjárhæð 274.590 krónur sem einkum tengdist ísetningu tannplantans.

X hefur viðurkennt bótaskyldu úr slysátryggingunni, en að bætur takmarkist við vátryggingarfjárhæðina sem í gildi var á slysdegi, eða 175.550 krónur.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir verður að telja að ágreiningur aðila snúist um það hvort bætur til M fyrir útlagðan kostnað vegna framangreindra tannviðgerða hjá dóttur hennar takmarkist við vátryggingarfjárhæð þá sem X telur gilda við ákvörðun bótabætur.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. skilmála slysátryggingarinnar, sem í gildi voru á slysdegi, takmarkast bætur vegna tannbrots við 5% af grunnvátryggingarfjárhæð örorku vegna hvers slyss. Miðast bæturnar við þá fjárhæð sem í gildi var á slysdegi, sbr. 1. tl. 3. liðs 4. gr. skilmálanna. Samkvæmt fyrirbyggjandi vátryggingarskírteini sem gildi frá 1.3.1999 til jafnlengdar á næsta ári nam grunnvátryggingarfjárhæð örorkubóta 3.500.000 krónum sem jangiltu 3.511.000 krónum í maí 1999 (185,4/184,8). Með hliðsjón af síðarnefndu fjárhæðinni takmarkast bætur vegna tjóns M því við 175.550 krónur (3.511.000 x 5%). Er það sú fjárhæð sem X hefur boðið í bætur til M. Ekki verður séð að M eigi rétt til hætti bótafjárhæðar úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

Bætur til M úr frítímaslysátryggingu hjá X vegna tjóns af völdum tannbrots dóttur hennar þann 4.5.1999 takmarkast við vátryggingarfjárhæðina 175.550 krónur.

Reykjavík, 11. janúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.